

Nefndasvið Alþingis
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2008.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um nálgunarann. 135. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 334.– 294. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lagt til að reglur um nálgunarbann verði framvegis í sérstökum lögum, en úrræðið hefur frá setningu laga nr. 94/2000 verið að finna í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þá er lagt til það nýmæli í frumvarpinu að lögregla taki afstöðu til fram kominnar kröfu um nálgunarbann eigi síðar en innan tveggja vikna frá móttöku hennar, auk þess sem mælt er fyrir um kæruehimild þess sem hefur lagt fram kæru til lögreglu um nálgunarbann, fallist lögregla ekki á beiðni hans.

Að áliti laganefndar LMFÍ hefur úrræðið nálgunarbann ekki verið nægilega virkt hér á landi. Það eigi þó rétt á sér við tiltekna kringumstæður og því sé mikilsvert að úrræðið sé til staðar í lögum. Þau nýmæli sem lögð eru til í frumvarpinu eru að mati laganefndar LMFÍ verulega til bóta, einkum þar sem lögreglu er ætlaður afmarkaður og skammur tími til þess að taka afstöðu til fram kominna beiðna um nálgunarbann, auk þess sem fyrirhuguð kæruleið eykur réttaröryggi þeirra borgara sem leggja fram slíka beiðni hjá lögreglu.

Laganefnd LMFÍ gerir hins vegar nokkrar athugasemdir við efni frumvarpsins. Í því mætti í **fyrsta lagi** kveða skýrar á um að dómari taki ákvörðun um nálgunarbann, komi fram krafa um slíkt, og að ákvörðun dómara skuli vera í formi úrskurðar, enda þótt þetta megi leiða af öðrum ákvæðum frumvarpsins. Til þess að gæta samræmis við nýtt frumvarp til meðferðar sakamála (þskj. 252, 233. mál á yfirstandandi löggjafarþingi) telur laganefndin í **öðru lagi** rétt að það komi skýrt fram að lögreglustjóri setji fram kröfu um nálgunarbann, í stað lögreglu eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er til að mynda gerður greinarmunur á „lögreglu“ og „lögreglustjóra“ í nýju frumvarpi um meðferð sakamála, sbr. ákvæði 148. og 149. gr. þess frumvarps. Þá er að áliti laganefndar LMFÍ í **þriðja lagi** rétt að gæta betur að samræmi frumvarpsins og nýs frumvarps til meðferðar sakamála. Í frumvarpinu mætti til dæmis vísa til tiltekinnna efnisreglna í frumvarpi til meðferðar sakamála, til að mynda til ákvæða 3. gr. þar sem almennt er fjallað um dómstóla, sem og til 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um heimild dómara í opinberu máli til þess að kveðja til sérfróðan meðdómanda í tilteknum málum.

Þá telur laganefnd LMFÍ einnig rétt að gera **efnislegar athugasemdir** við uppsetningu 2. gr. frumvarpsins. Að áliti laganefndarinnar væri skýrara að skipta þeirri grein upp í tvær greinar.

Fyrri greinin væri efnislega samhljóða 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins þar sem fram

kæmi að lögreglustjóri (í stað lögreglu) hefði tveggja vikna frest til að bregðast við fram kominni beiðni um nálgunarbann. Í þeirri grein væri svo rétt að skýra nánar kæruleið þess sem sett hefur fram kröfu um nálgunarbann. Væri að mati laganefndar LMFÍ rétt að líta til fyrrgreinds frumvarps um meðferð sakamála þar sem gert er ráð fyrir að ákvarðanir lögreglustjóra verði kærðar til héraðssaksóknara, sbr. 2. mgr. 147. gr. frumvarpsins. Laganefndin leggst jafnframt eindregið gegn því að vísa til reglna sem „gilda um kæru ákvörðunar lögreglu um að fella niður rannsókn sakamáls“ líkt og gert er í frumvarpinu, þar sem ekki er gert ráð fyrir að lögregla taki slíka ákvörðun samkvæmt fyrrgreindu frumvarpi til sakamála, heldur lögreglustjóri og í sumum tilvikum héraðssaksóknari, sbr. 145.-147. gr. frumvarps til meðferðar sakamála.

Seinni greinin fæli þá efnislega í sér þau ákvæði sem eru í 2.-3. mgr. 2. gr. frumvarpsins, þótt kveða mætti skýrar á um að dómari taki ákvörðun um nálgunarbann í formi úrskurðar.

Af hálfu Laganefndar LMFÍ eru ekki gerðar frekari athugasemdir við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.